

Formannspistill

ELÍN SIGURGEIRSDÓTTIR, formaður Tannlæknafélags Íslands

NETFANG: elin@kryna.is

TANNLÆKNABLAÐIÐ 2024; 42(2): 42-43



Kæru félagar.

Nú kemur út annað tölublað tannlæknafélagsins á þessu ári og er mikið þrekvirki. Eiga ritstjóri, Svend Richter, ritnefnd blaðsins og greinarhöfundar hrós skilið. Sjálfboðavinna og óeigingjarnt starf fjölmargra félaga er það sem heldur félaginu uppi og eiga stjórn, nefndir og ekki síst framkvæmdastjórinn hún Katrín þakkir skildar.

Að tilheyra samfélagi sem kollegar hafa skapað með Tannlæknafélagi Íslands er magnað en eftir einhverja þá mestu áskorun sem formaður hefur horfst í augu við er það huggun harmi gegn að eiga ykkur að á ögurstundu.

Tilviljanirnar geta verið margvíslegar en hverjar eru líkurnar á því að stórbruni eigi sér stað á sama byggingarreit á innan við átta mánaða millibili? Fyrst 15. febrúar sl. þegar dekkjaverkstæði N1 brann til kaldra kola ásamt fleiri fyrirtækjum og stóðu eldtungurnar upp með húsi sem hýsir tannlæknastofuna Krýnu með þeim afleiðingum að ytra gler sprakk á nánast öllum rúðum sem snéru að eldsvoðanum. Eldur náði ekki inn í rými stofunnar og höfum við eigendur og starfsmenn verið ötul að hrósa happi. Fljótt skipast veður í lofti en aðfaranótt 2. október barst mér símtal, þar sem ég var stödd á Spáni, nýkomin í langþráð frí, að eldur væri kominn upp í Krýnu, Fells múla 26 og þetta liti ekki vel út. Ég náði í Rúnar meðeiganda og rauk hann strax á vettvang. Ekkert var annað í stöðunni en taka fyrsta flug heim og takast á við þetta risavaxna verkefni. Að standa frammi fyrir því á einni nóttu að verða húsnæðis- og tækjakostslaus, þar sem yfir tuttugu manns stunda atvinnu er hrikalegt og ill yfyrstíganlegt. Sent var út neyðarkall til kollega og með velvilja margra þá er staðan sú að viku síðar eru nánast allir komnir með aðstöðu til að stunda sín störf og endurreisnarstarf Krýnu getur hafist.

Samkenndin og samstaða félagsmanna er ómetanleg og því mikils virði að tilheyra Tannlæknafélagi Íslands. Ef félagsins nyti ekki við væru engir alvöru samningar við SÍ, enginn sem stæði vörð um hag tannlækna, enginn sem

vaktaði eða kæmi með ábendingar eða umsagnir þegar ný lög eða reglugerðir eru lagðar fram af stjórnvöldum, engin fræðsla, ekkert þing, eða sameiginleg skemmtun og vettvangur til að koma saman. Allt er þetta mjög mikilvægt fyrir sálir kollega.

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði eitthvað gott. Ég tel að með þessum hryllilega atburði, þar sem ekki eru öll kurl komin til grafar, getum við dregið dýrmætan lærdóm. Ég bið ykkur einlæglega að spyrja ykkur sjálf hvort þið séuð vel tryggð hjá tryggingafélagi ykkar? Hafið þið verið ötul að færa inn á tryggingalistann ný tæki sem ýmist hafa verið keypt eða endurnýjuð? Eruð þið með rekstrarstöðvunartryggingu? Er rýmið þar sem þið rekið tannlæknastofur með fleiri en eitt brunahólf? Hvernig er flóttaleiðum háttað? Hvert er verklagið hjá því öryggisfyrirtæki sem þið kaupði ykkur „vörn“? Hér eru aðeins örfáar spurningar sem ég vildi óska að ég hefði spurt áður en Krýna datt kylliflöt ofan í brunninn. Ég skora á ykkur öll að taka þetta málefni föstum tókum á ykkar vinnustað.

NÝR SAMNINGUR OG REGLUGERÐ

Samningur Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um tannlækningar utan sjúkrahúsa var undirritaður 13. júní síðastliðinn. Þó samingurinn tæki ekki að fullu gildi fyrr en 1. september 2024, voru ákvæði til bráðabirðga, nýtt verð fyrir ýmsa gjaldliði hækkað og hámark allra T-liða hækkað um 10% þann 13. júní. Reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar (nr. 766/2024) tók gildi 1. júlí 2024 en nýja reglugerðin leysir af hólmi reglugerð nr. 451 frá 2013 sem tekið hefur breytingum 15 sinnum á þessum ellefu árum.

Þó að samningur og reglugerð væru frágengin tók við vinna við innleiðingu breytinga á gjaldliðum ásamt uppfærslu verðs. Það gekk nokkuð vel, þó að vissulega hafi orðið ýmsar tafir á og gjaldliðir ekki færðir rétt inn. SÍ telur þetta umfangsmesta samning sem gerður hefur



Frá undirritun samnings. Fremri röð: Sigurður H. Helgason forstjóri SÍ, Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, Elin Sigurgeirsdóttir formaður TFÍ. Fyrir aftan standa samninganefndir og starfsfólk SÍ og TFÍ.

verið við þá stofnun enda var verið að skeyta saman þremur samningum, BASA (barna), LISA (lífeyrisþega) og ALSA (slys og meðfæddir gallar), sem gildir nú í fimm ár. Samstarfsnefnd TFÍ við SÍ mun leysa samninganefnd af hólmi og halda vinnu áfram við aðlögun, endurskoðun og viðbætur svo samningur geti þjónað öllum hvað best, ekki síst sjúklingum okkar en einnig tannlæknum og SÍ. Það sem fyrir liggur er fækkun og einföldun umsókna sem styttr þar með vonandi afgreiðslutíma þeirra.

Það er ekki sjálfsgagt og alls ekki hægt að gera ráð fyrir því að kollegar séu tilbúnir að setjast að samningaborði fyrir stéttina í frítíma sínum svo mörgum mánuðum skiptir. Viðræður stóðu yfir í 10 mánuði og voru fundir jafnan 3-5 klst. langir tvisvar í viku, annar í húsakynnum SÍ, hinn í húsnæði TFÍ þar sem við réðum ráðum okkar. Ég sái þeim frægum hér með að þetta ábyrgðarmikla starf verði í framtíðinni launað.

Samningaviðræður við SÍ eru ekki einu samningsviðræðurnar sem fóru fram á starfsárinu. Kjarasamningar TFÍ við FTAT voru lausir 1. apríl 2024 og standa viðræður yfir enn og hafa færst til ríkissáttasemjara að kröfu FTAT.

FORMANNAFUNDUR Í STOKKHÓLMI

Árlega hittast formenn og framkvæmdastjórar norrænu tannlæknafélaganna. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Stokkhólmi á skrifstofu Sænska tannlæknafélagsins í Gamla Stan um miðjan maí. Fundurinn byrjaði með heimsókn í Nóbelsafnið áður en alvaran tók við. Hvert land sagði frá því sem var efst á baugi, mál rædd sem brunnu á félögum og borin saman á milli landa. Það er ekki ofsögum sagt hversu dýrmætt þetta norræna samstarf er fyrir okkar litla félag.



Formenn og framkvæmdastjórar norrænu tannlæknafélaganna á fallægum vordegi í Stokkhólmi.

HÚSAKYNNI TANNLÆKNAFÉLAGSINS

Staðið hefur yfir töluverð viðhaldsvinna á húsnæði félagsins, þar má helst nefna gluggaskipti og viðgerðir á tröppum utandyra. Fyrir liggja miklar framkvæmdir ef fyrir valinu verður að halda starfsemi áfram þar. Ég er þeirrar skoðunar að ígrunda skuli vel aðra möguleika áður en ráðist er í frekari viðhaldsframkvæmdir, aðrar en aðrar en þær umbætur sem nauðsynlega þarf til að húsið drabbist ekki niður og tapi verðgildi sínu.

AÐ LOKUM

Þakklæti er mér efst í huga þessa dagana ekki síst vegna þess mikla áfalls sem minn vinnustaður hefur orðið fyrir. Ég er þakklát fyrir að enginn dó, slasaðist, né veiktist alvarlega í þessum mikla eldsvoða Krýnu, þakklát starfsfólki, ættingjum og vinum en ég er bæði hrærð og meir yfir öllum þeim stuðningi sem þið kollegar hafið sýnt okkur með að opna bæði stofur og faðm fyrir okkur sem verðum á næstu mánuðum „heimilislaus“ á vergangi.

Ég vil þakka öllum nefndum fyrir þeirra vel unnu störf á árinu, þakka stjórn, ritstjóranum okkar, Svend Richter og ritnefnd þessa blaðs og síðast en ekki síst okkar frábæra framkvæmdastjóra, Katrínu Guðmundsdóttur sem er vakin og sofin yfir velferð félags okkar, alltaf.

Nú göngum við inn í veturinn og vetrarstarfið þar sem hæst ber ársþing og aðalfundur. Ég mun láta af störfum sem formaður. Eins og ykkur er flestum kunnugt gaf ég aðeins kost á mér til eins árs til að vinna að samningum við SÍ. Næg verkefni bíða mín á eigin vígstöðvum og nýr formaður tekur við keflinu í félagi okkar.

Kærleikskveðja.